

Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri

1. Inngangur

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að tryggja nemendum og starfsfólki jafnan og greiðan aðgang að námi og starfi. Stefna háskólans er að byggja upp og tryggja styðjandi náms- og starfsumhverfi í anda jafnréttissjónarmiða. Markmiðið er að gera háskólaumhverfið aðgengilegt og vinna að því að styrkja jákvæð viðhorf og vinnubrögð til að draga úr aðstöðumun, sbr. jafnréttisáætlun HA, 1. grein, og draga þar með úr fötlunaráhrifum.

Hér er lýst stefnu skólans í málefnum nemenda með sérþarfir í námi vegna skerðingar, veikinda, eða sértækra örðugleika. Ennfremur er vikið að stefnumálum og úrræðum er varða starfsfólk sem býr við langvarandi veikindi eða skerðingu. Stefnan lýtur að markmiðum, leiðum, þjónustu og starfsháttum. Almennt er fjallað ítarlegar um nemendur en starfsfólk enda eru réttindi síðarnefnda hópsins betur tryggð í löggjöf og með kjarasamningum.

1.1 Forsendur og skilgreiningar

Samkvæmt skilgreiningu 2. grein. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra telst sá fatlaður sem býr við skerðingu af andlegum eða líkamlegum toga og „þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón-og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum” (Lög um málefni fatlaðra, 59/1992). Samkvæmt laganna hljóðan er hugtakið notað sem yfirheiti um margvíslegar skerðingar. Í stefnumótuninni er hins vegar lögð áhersla á þann skilning að fötlun sé aðstæðubundin og felist í misgengi milli einstaklingsins og þeim kröfum sem umhverfið gerir hverju sinni.

Í flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar *International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF)* er litið á fötlun (disability) sem yfirhugtak yfir skerðingu á byggingu eða starfsemi líkama, takmörkun til athafna, eða hindrun á þátttöku í samfélaginu (WHO, 2001). Samkvæmt ICF flokkast skerðing sem röskun á byggingu eða starfsemi líkama. Undir það falla meðal annars sértækir námsörðuleikar, hreyfihömlun og ýmis vandamál sem hlotist geta af slysum, áföllum, veikindum eða öðrum orsökum. Í takt við helstu áherslur ICF eru möguleikar og tækifæri nemenda og starfsfólks til athafna og þátttöku í háskólasamfélaginu í brennidepli þessarar stefnumótunar.

Með sértækum úrræðum er átt við aðgerðir sem ætlaðar eru til að jafna aðstöðu nemenda til náms og tryggja að í námstillhögun og við fyrirlögn prófa sé tekið sanngjarnt og eðlilegt tillit til sérþarfa nemenda hverju sinni. Úrræðin fela ekki í sér að dregið sé úr kröfum við inntöku nemenda eða námskröfum

sem skólinn almennt gerir. Sértek úrræði gagnvart starfsfólki fela í sér aðgerðir sem auðvelda viðkomandi að sinna starfi sínu.

2. Markmið

2.1. Nemendur

Háskólinn á Akureyri býður nemendum sínum hagstætt námsumhverfi, gott aðgengi að námi og markviss tengsl kennara og nemenda (sbr. stefnuskrá og markmið HA 2001-2003). Í anda jafnréttissjónarmiða býður háskólinn velkomna nemendur sem búa við fötlun af ýmsu tagi og leitast við að mæta þörfum þeirra sem best með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- Að tryggja að jafnrétti nemenda Háskólans á Akureyri til náms sé virt.
- Að tryggja aðgengilegt, öruggt og eflandi námsumhverfi fyrir alla nemendur skólans og stuðla þar með að þátttöku þeirra og virkni í námi.
- Að koma í veg fyrir mismunun vegna skerðingar eða sérþarfa nemenda, sem kalla á sérúrræði í námi.
- Að nemendur sem búa við skerðingu eða sérþarfir í námi hafi greiðan aðgang að þeim almennu úrræðum og stuðningi sem nauðsynlegur er og við verður komið til að tryggja þátttöku þeirra í námi.
- Að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda í námi með sértekum úrræðum eftir því sem við verður komið, lög og reglur gera ráð fyrir og fjárhagsstaða skólans leyfir.
- Að þjónusta við nemendur með sértekar námsþarfir sé þarfagreind og lýsing á úrræðum, leiðum og ferlum unnin með hverjum og einum sem eftir henni sækist.
- Að stuðla að því að starfsfólk skólans sé vel upplýst um tiltæk úrræði og í stakk búið til að mæta nemendum með sérþarfir í námi.

Auk þess að tryggja jafnan aðgang að kennslu vill Háskólinn á Akureyri tryggja jafnan aðgang að annarri þjónustu stofnunarinnar. Þar er meðal annars átt við:

- Þjónustu kennsluviðs, svo sem deildarskrifstofur, prófstjórn og námsráðgjöf.
- Þjónustu upplýsinga- og gæðastjórnunarsviðs. Undir það fellur bókasafn.
- Þjónustu samskiptamiðstöðvar, sem hefur m.a. umsjón með gagnasmiðju og heimasíðum HA.
- Þjónustu alþjóðasviðs.

2.2. Starfsfólk

Háskólinn leitast við að tryggja vinnuumhverfi sem byggir á jafnrétti, góðum aðbúnaði og öruggu starfsumhverfi (sbr. lög um aðbúnað og hollustuhætti nr. 46/1980). Markvisst skal unnið gegn mismunun vegna skerðingar starfsfólks eða langvarandi veikinda. Jafnræðis skal gætt við ráðningar (sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992) og boðið upp á nýliðafræðslu þar sem stefna háskólans gagnvart starfsfólki sem býr við veikindi eða skerðingu er kynnt.

Starfsmenn eru hvattir til þess að sækja reglulega námskeið og fræðslufundi sem lúta að því að auka skilning á málefnum fatlaðra í námi og starfi.

3. Stjórn og skipulag

3.1. Nefnd um jafnt aðgengi að námi og störfum

Háskólaráð skal skipa sex manna fastanefnd (tvo til vara) um jafnt aðgengi að námi og störfum við HA og er hún skipuð til þriggja ára í senn. Fulltrúi nemenda er þó skipaður til eins árs. Nefndin vinnur í umboði háskólaráðs og rektors. Eitt meginhlutverk nefndarinnar er að framfylgja þeirri stefnumótun sem hér er sett fram og að móta nánari útfærslu á framkvæmdaleiðum og –ferlum í málefnum fatlaðra. Nefndin skal jafnframt sjá til þess að starfsmenn og nemendur þekki stefnumótunina vel og leiðir til að framfylgja henni. Nefndin skal endurskoða stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum með 4 ára millibili eða oftar ef þörf krefur, í tengslum við jafnréttisáætlun HA og nýja þekkingu á sviðinu. Æskilegt er að fatlaðir nemendur eða samtök fatlaðra komi að endurskoðuninni.

Nefndina skipa:

- Formaður jafnréttisráðs HA sem jafnframt veitir nefndinni forstöðu
- Fulltrúi frá kennsludeildum
- Fulltrúi frá kennslusviði
- Fulltrúi frá fasteignasviði
- Fulltrúi frá upplýsinga- og gæðastjórnunarsviði
- Fulltrúi frá FSHA

Námsráðgjafi starfar með nefndinni en hefur þó ekki atkvæðisrétt. Nefndin hefur heimild til að leita til starfsfólks háskólans og utanaðkomandi sérfræðinga um ráðgjöf og álit ef ástæða þykir til. Nefndin skal halda ársfjórðungslega fundi en einnig skal halda fundi innan tveggja vikna eftir að erindi hafa borist henni eða ef aðrar ástæður krefjast álits nefndarinnar.

Hlutverk nefndar um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri er enn fremur:

- Að vinna að lausn ágreinings sem upp kann að koma og skera úr um mál sem til hennar er vísað.
- Að undirbúa og fylgja eftir framkvæmd á stefnu háskólans um jafnt aðgengi að námi og störfum.
- Að samhæfa vinnu þeirra sem hafa umsjón með þessum málaflokki.
- Að gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á þessari stefnu háskólans og að afla tölulegra upplýsinga.
- Að hafa frumkvæði að fræðslu um jafnt aðgengi að námi og störfum til að draga úr aðstöðumun vegna skerðingar eða sértækra örðugleika.
- Að fylgjast með nýmælum sem varða málaflokkinn og hvernig umsýslu um hann er háttað við aðra háskóla.
- Að birta árlega skýrslu um framkvæmd stefnunnar.

Nemanda eða starfsmanni sem telur sig hafa orðið fyrir misrétti eða sem sættir sig ekki við þau úrræði sem námsráðgjöf eða yfirmaður hafa boðið er heimilt að leita álits hjá nefndinni. Nefndin fjallar um málið og leitar upplýsinga um það hjá námsráðgjöf (fyrir nemendur) eða yfirmanni (fyrir starfsmenn) ef með þarf. Nefndin leitar lausnar í slíkum málum og gerir samkomulag við

nemandann eða starfsmanninn. Sé mál nemandans eða starfsmannsins þá þegar til meðferðar hjá öðrum einingum innan háskólans skal álit nefndarinnar sent þeim sem hefur með málið að gera. Nefndin endurskoðar ekki ákvarðanir sem teknar eru innan deilda eða annarrar stjórnsýslu. Sé nemandi eða starfsmaður ekki sáttur við niðurstöðu getur viðkomandi vísað málinu til háskólaráðs. Háskólaráð, rektor, kennsludeildir og stjórnsýsluvið geta óskað eftir áliti nefndarinnar í einstökum tilvikum og skal þá fyllsta trúnaðar gætt og farið með slíkar upplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd. Um málsmeðferð af þessu tagi gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

3.2. Ábyrgð og framkvæmd

Deildarforsetar og forstöðumenn stjórnsýslusviða bera daglega ábyrgð á framkvæmd stefnunnar en háskólaráð og rektor bera endanlega ábyrgð á framkvæmdinni. Yfirmenn deilda og brauta sjá um að úrræðum sé framfylgt.

Námsráðgjöf HA hefur umsjón með daglegu starfi gagnvart nemendum. Námsráðgjöf gerir tillögur um úrræði sem byggð eru á faglegu álit sérfræðings í hverju tilviki, í nánu samráði við nemanda. Einnig fylgir námsráðgjöf eftir úrræðum í samvinnu við þá sem að málinu koma. Deildarforsetar og sviðsstjórar bera ábyrgð á málefnum starfsfólks. Framkvæmdastjórn og fasteignasvið bera ábyrgð á að aðgengi húsnæðis uppfylli settar kröfur og að umbætur séu framkvæmdar, bæði á húsnæði og á háskólasvæðinu í heild. Þessir aðilar sjá einnig um að forgangsraða verkefnum og gera áætlanir um frekari úrbætur á aðgengismálum. Sviðinu ber að tryggja að hugað sé sérstaklega að jöfnu aðgengi við hönnun nýbygginga, í samráði við sérfræðinga og notendur. Gagnasmiðja og bókasafn bera ábyrgð á að tiltekin úrræði séu í boði, sjá nánar í lið 4, þjónusta og starfshættir.

Gildissvið

Forsenda þess að nemandi fái sérúrræði er að hann leggi fram málgögn (greiningu sérfræðings) og undirriti samning, í samráði við námsráðgjöf. Skilyrði fyrir veitingu sértækra úrræða er að nemandi hafi verið skráður til náms en það er þó ekki skilyrði fyrir málsmeðferð að hlutaðeigandi hafi fengið slíka skráningu. Því geta væntanlegir nemendur við háskólann fengið upplýsingar um þau úrræði sem tiltæk eru eða sem hugsanlega er hægt að bjóða. Stefnan tekur einnig til þeirra sem óska eftir skrásetningu skv. 17. gr. í reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri. Að auki tekur hún til starfsmanna sem búa við skerðingu eða veikindi til lengri tíma.

4. Þjónusta og starfshættir

Hér á eftir fer lýsing á þjónustu og starfsháttum sem lúta að nemendum annars vegar og starfsfólki hins vegar. Standi val á milli ólíkra úrræða sem veita nemendum eða starfsfólki sambærilegan stuðning áskilur HA sér rétt til að velja á milli þeirra, enda sé tekið mið af greindum þörfum viðkomandi.

4.1. Nemendur

Skrásetning

Umsóknir um skrásetningu eru metnar á grundvelli inntökuskilyrða þeirra námsleiða sem valdar eru. Ákvarðanatataka um veitingu sértækra úrræða fer fram óháð umfjöllun um skráningu umsækjenda. Væntanlegir nemendur eiga rétt á greinargóðum upplýsingum um aðgengi að byggingum og háskólasvæðinu, þeim stuðningsúrræðum sem fyrir hendi eru og þeim sem hugsanlega er unnt að veita. Háskólanum ber skylda til að upplýsa nemendur með sérþarfir í námi um rétt þeirra á öllum stigum námsins. Háskólinn skal jafnframt eiga frumkvæði að kynningu á þessum atriðum innan stofnunarinnar. Ábyrgðaraðilar innan háskólans skulu grípa til eðlilegra ráðstafana til að tryggja að nemendum með sérþarfir sé kleift að taka í þátt í náminu. Dæmi um slíkar ráðstafanir eru gerð stundaskrár, staðsetning fyrirlestra og prófa og aðrar sértækar lausnir. Yfirlit yfir skipulag og ferli mála er að finna í viðauka 2.

Staðfest greining á sérþörfum

Nemandi sem óskar eftir sértækum úrræðum skal snúa sér til námsráðgjafar HA sem hefur umsjón með þjónustu við nemendur með sérþarfir í námi. Forsenda þess að úrræði séu veitt er að fyrir liggi faglegt mat sérfræðings um námsþarfir nemandans á grundvelli skerðingar eða veikinda. Einnig er hægt að fara fram á að nemendur sem verða fyrir áföllum á námstíma, leggi fram vottorð frá viðeigandi sérfræðingi þar sem breyttar forsendur til þess náms er þeir eru skráðir í eru metnar.

Mat á þörf fyrir úrræði

Háskólinn veitir nemendum úrræði á grundvelli fyrirliggjandi mats. Í sérstökum undantekningartilvikum áskilur HA sér rétt til að synja nemanda um úrræði enda liggi fyrir að innihald, uppbygging eða framsetning þess náms sem nemandinn hefur valið sé þess eðlis að honum sé fyrirsjáanlega ókleift að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í náminu. HA getur einnig synjað nemanda um úrræði ef skólinn telur ógerlegt að veita þau úrræði sem talin eru nauðsynleg til að nemandinn geti stundað námið, svo sem að útvega aðstöðu eða aðstoðarfólk.

Sérúrræði HA eru nemendum að kostnaðarlausu. Að undanskildu skrásetningargjaldi er þjónustan að jafnaði ekki gjaldskyld. Háskólinn styrkir þó nemendur ekki til tækja- eða bókakaupa og greiðir ekki fyrir þau vottorð sem kann að verða óskað eftir.

Samkomulag um sértæk úrræði

Námsráðgjöf gerir fyrir hönd HA skriflegan samning um þjónustuna þar sem tilgreindar eru þær skuldbindingar sem nemandinn og háskólinn gangast undir. Í viðauka 3 er dæmi um slíkan samning. Námsráðgjöf sér einnig um um skráningar einstakra mála í rafrænt skráningarkerfi sem aðrir hafa ekki aðgang að. Þessi skráning inniheldur meðal annars skýringar á ástæðum fyrir veitingu úrræða og lýsingu á þeirri þjónustu sem veitt er. Einnig getur skráningin innihaldið dagbók yfir viðtöl við nemandann. Gögnin eru geymd í vörslu námsráðgjafar þar til nemandi hættir námi. Þegar tilefni er til, annað hvort að ósk nemanda eða háskólans, er rúm fyrir endurskoðun á samningnum. Hirði nemandi ekki um að uppfylla sinn þátt í samningnum áskilur háskólinn sér rétt til að synja honum um úrræði. Verði misbrestur á því

að háskólinn uppfylli sinn hluta samningsins getur nemandinn skotið málinu til nefndar um jafnt aðgengi að námi og störfum við HA þar sem það fær formlega umfjöllun sbr. lið 3.1.

Meðferð upplýsinga

Námsráðgjöf HA varðveitir trúnaðarupplýsingar um nemendur með sérþarfir í námi. Námsráðgjöf sér um að miðla nauðsynlegum trúnaðarupplýsingum til þess starfsfólks sem kemur að framkvæmd úrræða. Trúnaðarupplýsingar eru einungis veittar þegar framkvæmd úrræða krefst þess og þá aðeins að nemandi hafi skrifað undir áður nefndan samning um þjónustu.

4.2. Úrræði til að jafna aðstöðu nemenda

Nemendum með sérþarfir í námi bjóðast þrenns konar úrræði:

- Kennsluúrræði, þ.e. úrræði sem taka til aðstæðna og aðbúnaðar á kennslutíma.
- Námsúrræði, sem snerta ýmsar hliðar námsins, háskólans og nemenda.
- Prófuúrræði, þ.e. úrræði sem varða próftöku.

Dæmi um kennsluúrræði

- Val á hentugu húsnæði
- Aðgangur að kennslustofum með hljóðkerfi fyrir heyrnardaufa
- Hljóðritun fyrirlestra
- Glósuaðstoð
- Glærur, glósur kennara á WebCT
- Aðlagaðir kennsluhættir
- Aðlöguð stundaskrárgerð
- Aðstoðarmaður*
- Önnur úrræði sem teljast sanngjörn og eðlileg

Dæmi um námsúrræði

- Stuðningsviðtöl
- Námsstækninámskeið
- Prófkvíðanámskeið
- Hljóðritun fyrirlestra
- Glærur, glósur kennara á WebCT
- Sérhæfður hugbúnaður, vinnuaðstaða og aðstoð á bókasafni og gagnasmiðju
- Aðstoðarmaður*
- Önnur úrræði sem teljast sanngjörn og eðlileg

Dæmi um prófuúrræði

- Lenging eða aðlögun próftíma**
- Próftaka á tölvu
- Próftaka í fámennisstofu/einrými
- Munnleg próf
- Stækkuð eða lituð prófblöð***
- Hvíld í prófi án skerðingar á próftíma
- Próf lesin inn á segulband eða lesin upp af prófverði

- Sérhæfður tækjabúnaður í prófstofum
- Ritari í prófum
- Önnur úrræði sem teljast sanngjörn og eðlileg

* til dæmis þegar um er að ræða nemendur með verulega hreyfihömlun eða sjónskerðingu

** svo sem vegna nemenda með prófkvíða, hreyfihömlun, sjónskerðingu eða dyslexíu

***svo sem vegna nemenda með sjónskerðingu eða dyslexíu

Meðfylgjandi er skýrsla um stefnumörkun háskólans í málefnum leshamlaðra frá 30. nóvember, 2004. Þar eru sett fram skýr dæmi um verklag og sértæka þjónustu sem nemendum með skriftar- og lestrarörðugleika skal standa til boða (sjá viðauka 4).

4.3. Starfsfólk

Umboð til athafna og ákvarðana

Starfsfólk sem býr við skerðingu eða veikindi til lengri tíma skal óska skriflega eftir aðstoð vegna ástands síns eða breyttra forsenda til að hljóta þá þjónustu sem í boði er. Beiðnina skal senda til deildarforseta eða sviðsstjóra og skal rökstuðningur fylgja. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því leiðbeina starfsfólki um úrræði og leiðir og sjá til þess að þörfum þeirra sé mætt með viðeigandi hætti. Starfsþróunarviðtöl skulu meðal annars nýtt í þessu skyni. Deildarforsetar og sviðsstjórar eru bundnir trúnaði varðandi efni og innihald beiðna starfsfólks.

Mat á þörf og úrræðum

Háskólinn veitir starfsfólki sem þarf sértæk úrræði vegna skerðingar eða veikinda aðstoð í samræmi við mat á þörf fyrir slíkt úrræði. Forsenda þess að úrræði séu veitt er að fyrir liggi faglegt mat sérfræðings. Reynsla starfsfólks og mat þess á þörf fyrir úrræði er þó í vissum tilvikum tekin fullgild og þá ekki krafist utanaðkomandi staðfestingar.

Úrræði til að jafna aðstöðu starfsfólks

Háskólinn veitir starfsfólki að kostnaðarlausu aðstoð og úrræði sem auðveldar því eða gerir því kleift að sinna starfi sínu. Kalla má til öryggisnefnd/öryggistrúnaðarmann starfsmanna til samráðs og ráðgjafar (sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 1980 nr. 46).

Úrræði fyrir starfsmenn sem búa við skerðingu geta tekið til eftirfarandi þátta:

- Aðgengi að háskólabyggingum og svæðum (samanber reglur um húsnæði vinnustaða)
- Vals á hentugu skrifstofuhúsnæði
- Sérbúnaðar á skrifstofu
- Tölvu og tölvutengdra hluta
- Yfirlesturs skjala
- Hljóðkerfa í kennslustofum
- Stuðningsviðtala
- Sveigjanleika í vinnutíma
- Aðstoðar við framkvæmd ýmissa viðfangsefna

5. Lokaorð

Með jafnræði að leiðarljósi er brýnt að huga að leiðum til að auðvelda aðgengi og þátttöku nemenda og starfsfólks sem búa við fötlun eða skerðingu í námi og starfi. Hér hefur verið leitast við að setja fram skýr viðmið og tilgreina boðleiðir og verklag sem til hagsbóta geta talist. Í flestum tilvikum er að auki brýnt að gera einstaklingsbundna aðgerðaráætlun þar sem lýst er ítarlega leiðum sem stuðla að hentugum lausnum hverju sinni. Allir ferlar þurfa að vera nemendum og kennurum ljósir. Þannig skal skapa aðstæður við Háskólann á Akureyri sem gera nám og störf án aðgreiningar að veruleika.


Réttarheimildir og skýrslur

Eftirfarandi lagastoðir, reglugerðir, skýrslur og samningar voru hafðir til hliðsjónar við stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum:

- Byggingareglugerð, nr. 441/1998
- Jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri frá 20. desember 2002
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000
- Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 888/1999
- Stjórnslulög nr. 30/1993
- UNESCO (1994). Final report. World conference on special needs education: Access and quality. Salamanca, Spain: UNESCO, Ministry of Education and Science, Spain

World Health Organization (2001). International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF). Geneva: World Health Organization

Skipulag og ferli mála fyrir nemendur með sérþarfir í námi



Samningur um þjónustu vegna sérþarfa í námi

1. Undirritaður/undirrituð fer þess á leit við Háskólann á Akureyri að njóta fyrirgreiðslu vegna sérþarfa í námi, í samræmi við stefnu háskólans um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri er samþykkt var í háskólaráði þann *dd.mm.áá*. Undirritaður/undirrituð mun framvísa nauðsynlegum vottorðum sérþörfum sínum til staðfestingar.
2. Undirritaður/undirrituð samþykkir að óskir og beiðnir um úrræði séu settar fram í samráði við námsráðgjöf HA sem hefur daglega umsjón með vinnslu mála sem falla undir sérþarfir í námi.
3. Undirritaður/undirrituð gerir í samráði við námsráðgjöf HA áætlun um námsferli sé þess óskað.
4. Hafi undirritaður/undirrituð undanþágur vegna próftöku ber hann/hún ábyrgð á samráði við námsráðgjöf HA um próftöku í sérhverri reglulegri prófatíð Undirritaður/undirrituð ber ábyrgð á samráði við námsráðgjöf vegna undanþága á prófum sem haldin eru utan hefðbundinna prófatíða, m.a. prófum sem haldin eru í deildum sem stunda símat.
5. Undirritaður/undirrituð veitir námsráðgjöf HA umboð til að fylgja málum sínum eftir innan HA og fjalla um trúnaðarupplýsingar. Þetta á þó aðeins við þegar ekki verður hjá því komist og að því gefnu að fyllsta trúnaðar sé gætt og aðeins verði veittar nauðsynlegustu upplýsingar.
6. Undirritaður/undirrituð skuldbindur sig til að tilkynna námsráðgjöf þegar hann lýkur námi eða hættir.

Dags. Undirskrift nemanda

Dags. f.h. Háskólans á Akureyri / námsráðgjafi

Háskólinn á Akureyri: Stefnumörkun HA í málefnum leshamlaðra

Háskólinn á Akureyri leggur metnað sinn í að búa alla nema sína af kostgæfni undir fjölbreytt störf í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi. Ljóst er að nemar sem stunda nám við skólann eru misvel í stakk búnir til að glíma við ritaðan texta og á það t.d. við um leshamlaða nema. Leshömlun segir ekki til um námshæfileika og ber að líta á hana sem sértæka námsörðugleika. Því leggur Háskólinn á Akureyri áherslu á að byggja upp styðjandi námsumhverfi fyrir þessa nema sem og aðra.

Það er stefna háskólans að allir kennarar hans hafi þekkingu á leshömlun og þekki til þarfa leshamlaðra nema. Á hverju ári skulu kennarar eiga kost á námskeiði um leshömlun og miðað er við að þeir sækji slík námskeið ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Á hverjum tíma leitast HA við að tryggja að á bókasafni og í gagnasmiðju búi starfsfólk yfir nýjustu þekkingu er lýtur að þjónustu við leshamlaða nema.

Þjónusta við leshamlaða

Háskólinn kynnir þjónustu við leshamlaða á heimasíðu sinni (<http://www.unak.is>) undir liðnum *Námsráðgjöf > fatlanir og hamlanir*. Henni eru einnig gerð skil á kynningum háskólans um námsframboð og almenna stoðþjónustu. Námsráðgjafi sér um þjónustuna og leiðbeinir nemum með leshömlun en allir nemar geta leitað eftir ráðgjöf námsráðgjafa.

Nemar með leshömlun skulu eiga kost á þjónustu á námstíma. Sú þjónusta er þarfagreind og unnin með hverjum og einum nema sem eftir henni sækist. Þjónustan getur verið í formi sérstakra námskeiða, ívilunar vegna náms og persónulegrar ráðgjafar.

Beiðni um þjónustu

Umsækjendum um nám við HA er gefinn kostur á að merkja í sérstakan reit um *fatlanir og hamlanir* á umsóknareyðublaði háskólans. Hafi umsækjandi merkt í viðkomandi reit boðar námsráðgjafi hann í viðtal til að ræða um þarfir hans fyrir stuðning og ráðgjöf. Nemar sem þegar hafa hafið nám geta einnig óskað eftir ráðgjöf hjá námsráðgjafa.

Óski nemi eftir þjónustu vegna kennslu og próftöku þarf að liggja fyrir greining á vandanum.

Námskeið

Háskólinn á Akureyri býður verðandi nemum sínum, sem hafa leshömlun, upp á fjögurra daga aðfararnámskeið. Fyrir það þarf að greiða sérstaklega og fer námskeiðið fram í vikunni fyrir *Velgengnisviku* nýnema ár hvert. Á námskeiðinu eru til umfjöllunar málefni sem miðast við þarfir leshamlaðra nema, svo sem námstækni, vinnubrögð við lestur fræðirita, ritgerðarsmið og verkefnavinnu. Nemar kynnast sértækum hugbúnaði í gagnasmiðju og fá

Ítarlega leiðsögn um notkun bókasafns skólans. Á námskeiðinu er lögð áhersla á félagastuðning og samvinnu nema. Námskeiðið fer fram á Akureyri. Auk aðfarnámskeiðs býður háskólinn árlega upp á námskeið fyrir nema, þ.e. í námstækni, prófkvíða. Fyrir þessu námskeiði þarf einnig að greiða. Námskeiðin fara fram á Akureyri.

Lenging námstíma

Allir nemar háskólans eiga þess kost að lengja námstíma sinn um helming án sérstakra leyfa. Með þessu móti getur þriggja ára nám orðið fjögur og hálf ár. Um frekari breytingar á námshraða er hægt að sækja um til deildar en þær eru háðar reglum deilda um námsframvindu.

Ívilnun vegna náms

Ívilnun felur í sér breytingar frá almennu vinnulagi. Má nefna upptökur á fyrirlestrum, glærur og minnispunkta frá kennara, skönnun texta í tölvutækt form, glósuvín, ítarlegri leiðsögn en almennt gerist, breyttar kröfur um réttitun, frávík frá vinnuhraða og verkefnaskilum, notkun ýmissa hjálparforrita og lengri skilafrestur á bókum og öðrum gögnum í bókasafni, próf og próftöku.

Persónuleg ráðgjöf

Háskólinn býður upp á persónulega ráðgjöf fyrir leshamlaða nema. Námsráðgjafi skipuleggur og hefur umsjón með slíkri ráðgjöf. Ráðgjöfin getur verið vegna streitu, sjálfsmýndar, þunglyndis, kvíða, frestunar, samskipta við nema og kennara o.fl. Einnig getur námsráðgjafi haft forgöngu um myndun sjálfshjálparhópa leshamlaðra nema.

Aðstaða í námsveri

Samskiptamiðstöð Háskólans á Akureyri býður nemum sem hafa leshömlun aðgengi að námsveri. Þar geta þeir haft aðgang að sérhæfðum hugbúnaði sem miðar að því að auðvelda þeim nám og notið aðstoðar starfsfólks. Til að mynda verði nemendum auðveldað að fá lesefni yfirfært í tölvutækt form. Þjónustan er í stöðugri þróun og tekur mið af nýjungum í hugbúnaði og tækjakosti sem tiltækur er hverju sinni. Þjónustan er kynnt á aðfarnámskeiði og í Velgengnisviku.

Bókasafn

Bókasafn HA býður leshömluðum nemum þjónustu sem miðar að sértækum þörfum þeirra. Þar má nefna sérstaka ráðgjöf við heimildaleit, lengri útlánatíma bóka og milligöngu um útvegum hljóðbóka.

Próf og próftaka

Háskólinn veitir leshömluðum nemum ívilnanir vegna prófa án þess að dregið sé úr kröfum varðandi námsárangur. Námsráðgjafi skipuleggur þær aðgerðir í samráði við nemann og prófstjóra og þar sem það á við í samráði við kennara. Um getur verið að ræða lengdan próftíma, próftöku í fámenni, stækkað letur, litaðan grunn, tölvunotkun, upplestur leiðbeininga og ritunarhjálp.

Greiningar

Stuðningur háskólans við leshamlaða nema er háður því að þeir leggi fram skýrslu um greiningu frá sérkennara eða sálfræðingi til námsráðgjafa HA. Þessi skýrsla má mest vera fjögurra ára gömul en þó gerð eftir að viðkomandi hefur náð 16 ára aldri.

Í slíkum skýrslum þarf að tiltaka hvaða greiningartæki var stuðst við, leggja mat á eðli lestrarvandans og gera góð grein fyrir styrkleika og veikleika viðkomandi nema varðandi lestur og lestrarerfiðleika. Æskilegt er að skýrslan geti um bjargir fyrir viðkomandi í námi s.s. kennsluáferðir, íhlutun og annan stuðning sem greiningaraðili telur nauðsynlegt að skólinn grípi til svo námið megi nýtast viðkomandi sem best.

Í september ár hvert hefur skólaþróunarvið kennaradeildar HA milligöngu um greiningar á lestrarörðugleikum fyrir þá sem þess óska. Um er að ræða hóp-greiningu. Komi fram vísbendingar um lestrarvanda fara namar í einstaklings-greiningu í kjölfarið. Kostnað af þeirri greiningum bera namar sjálfir.

Nemi afhendir námsráðgjafa HA afrit af greiningarskýrslu. Í kjölfarið mun samtali eiga sér stað um þá aðstoð sem háskólinn telur sér unnt að veita viðkomandi nema.

Símenntun kennara

Það er markmið háskólans að kennarar við allar deildir sæki sér fræðslu um leshömlun, helstu einkenni og hvernig röskunin getur birst í námi. Mikilvægt er að kennarar háskólans hafi staðgóða þekkingu á leshömlun og geti brugðist við af kunnáttu í hverju tilviki. Stoðkerfi, þ.e. kennsluvið, samskiptasvið, og upplýsingasvið háskólans, þarf að vera með þeim hætti að það virki jafnt til stuðnings kennurum og nemum. Lögð er áhersla á að kennarar séu meðvitaðir um kennsluhætti sem falla vel að þörfum leshamlaðra og um hvers konar ívilnun í námi og próftöku geti verið að ræða.

Háskólinn gerir kröfur um að kennarar sæki námskeið um lestrarörðugleika og hvernig bregðast megi við þeim í kennslu. Á slíkum námskeiðum skal jafnframt kynna þá þjónustu sem kennarar geta sótt til stoðkerfis háskólans og hvaða stuðning það veitir nemum með leshömlun.

Háskólinn hefur á hverju hausti forgöngu um námskeið fyrir kennara skólans um lestrarörðugleika. Þangað geta kennarar einnig sótt eftir leiðbeiningu og umræðum um úrlausnir í kennslu.

Tvisvar á ári hefur háskólinn frumkvæði að því að boða kennara til fræðslufundar um kennslu nema með lestrarörðugleika þar sem kennurum gefst kostur á að miðla reynslu sín á milli. Reynslan af því hvað hafi tekist vel sé skráð og miðlað áfram á námskeiðum skólans fyrir nýja kennara.

Háskólinn annast gerð handbókar um lestrarörðugleika fyrir kennara. Í handbókinni skulu vera upplýsingar um hvað leshömlun felur í sér, hvaða þjónusta er í boði fyrir nema með slíka hömlun og kennara sem þeim kenna og hvað þeir geta gert til að styðja við nám leshamlaðra.